

ICELANDAIR: 25% VÖXTUR Í FLUGFRAMBOÐI OG STERK EFTIRSPURN Á MÖRKUÐUNUM TIL OG FRÁ ÍSLANDI

Icelandair flutti 381 þúsund farþega í apríl, 24% fleiri en í apríl 2024. Það sem af er ári hefur félagið flutt yfir 1,2 milljón farþega. Í mánuðinum voru 29% farþega á leið til landsins, 19% frá landinu, 47% voru tengifarþegar og 5% ferðuðust innanlands.

Framboð mælt í framboðnum sætiskílómetrum jókst um 25% frá apríl á síðasta ári og farþegaflutningar mældir í seldum sætiskílómetrum jukust einnig um 25%. Sætanýting var 81% og stundvísi var 91%, 3,0 prósentustigum hærri en í apríl 2024.

Seldir blokk tímar í leiguflugi voru 82% fleiri en í apríl í fyrra og fraktflutningar jukust um 12%. Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra dróst saman um 3%.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Við sjáum áframhaldandi góðar farþegatölur en farþegaflutningar jukust um 25% miðað við apríl í fyrra. Þessi vöxtur var knúinn áfram af 25% aukningu í framboði milli ára þar sem við höfum seinni tengibankann í Keflavík fyrr en áður, sem er hluti af stefnu okkar að vaxa utan háannar til þess að jafna árstíðabundna sveiflu og nýta innviði okkar betur allt árið um kring. Þá hafði tímasetning páska í ár jákvæð áhrif á eftirspurn í leiðakerfinu. Það er ánægjulegt að fjöldi farþega á markaðnum frá Íslandi jókst um 37% sem staðfestir sterka stöðu Icelandair á heimamarkaði sem það flugfélag sem Íslendingar kjósa að ferðast með. Þá fjölgaði farþegum á markaðnum til Íslands um 30% auk þess sem fjöldi tengifarþega jókst um 21%. Þessi mikli vöxtur á framboði leiddi til sterkrar tekjumyndunar þar sem tekjur á hvern seldan kílómetra héldust óbreyttar á milli ára.

Rekstur leiðakerfisins gekk mjög vel í apríl sem sýnir sig í framúrskarandi stundvísi í mánuðinum. Árangurinn er sérstaklega ánægjulegur í ljósi þess að flugáætlun félagsins í apríl hefur aldrei verið stærri ásamt því að öll páskaumferðin féll innan mánaðarins. Þessi árangur er fyrst og fremst að þakka frábærri frammistöðu starfsfólks félagsins og áframhaldandi áherslu okkar á skilvirkni í rekstrinum.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Kristófer Hlynsson, fjárfestatengill. Netfang: kristoferh@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi
04 Traffic Data